

Hverfisnefnd Naustahverfis

48. fundur, 15. apr. 2013

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 19:40 – 22:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson, Ásdís Birgisdóttir og Gísli Rúnar Magnússon.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

1. Kynning á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði norðan Tjarnarhóls ásamt skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir sama svæði.

F.h. Landslags ehf. kynnti Ómar fyrir nefndinni tillögu að Jaðarstúni, nýrri götu sunnan Bónuss, þar sem stendur til að gera nýja íbúðarbyggð. 6 x fjórbýlishús á tveimur hæðum og 6 x parhús á einni hæð.

2. Fulltrúar húsfélagsins við Hamratún 4-6 mættu á fundinn (19:50 – 20:30)

Atli Freyr (atlifreyr@simnet.is) og Þorgerður, Hamratúni 6, mættu á fund nefndarinnar til að ræða áhyggjur sínar af fyrirhuguðu skipulagi á svæðinu sunnan við Bónus.

Þegar þau keyptu sína húseign þá var þeim sagt að ekki yrði byggt á þessu svæði, en þeim hugnast það illa þar sem nýju húsin koma til með að vera jafn há og þau sem standa hinumegin við Kjarnagötu, (þ.e. Hamratún 2-6) og þar með skyggja á þeirra útsýni til vesturs, sem þau þó segjast hafa borgað fyrir sérstaklega.

3. Áframhaldandi umræða um svæðið sunnan Bónuss.

Nefndarmenn halda áfram að ræða skipulagið á reitnum sunnan við Bónus. Nefndarmönnum finnst að nær væri að klára það sem byrjað er á fyrst, s.s. lóðirnar sem skipulagðar hafa verið austan Kjarnagötu, syðst í hverfinu, ofan við Vallartún og Mýrartún og fleiri hálfkláraða bletti. Ef nauðsynlegt er að nýta þennan reit væri nær að nýta þetta sem þjónustusvæði, s.s. undir heilsugæslu, pósthús o.þ.h.

Niðurstaðan er því sú að Hverfisnefnd mótmælir því að þessi reitur verði skipulagður sem íbúðarbyggð.

Ómar vék af fundi þegar þetta mál var rætt, enda skipulagði hann svæðið fyrir Akureyrarbæ.

Bjarni sendir erindi vegna þessa á skipulagsdeild.

4. Bílastæðamál við Naustaskóla.

Ágúst skólastjóri sendi bréf á skólanefnd og afrit á formann hverfisnefndar vegna bílastæðanna vestan við skólann. Ekki stendur til að klára svæðið vestan við skólann fyrir en árið 2014 eða 2015. Það hugnast skólastjórnendum og hverfisnefnd alls ekki. Bjarni sendir því erindi á fasteignir Akureyrar þar sem þrýst verður á að klára bílastæðamál við Naustakóla og Naustatjörn fyrir haustið 2013.

Einnig leggur Hverfisnefnd til að bannað verði að koma með vörur í skóla og leikskóla fyrir en eftir klukkan níu á morgnanna, þegar flest börn eru komin í skólana.

5. Úthlutun tveggja milljónanna til hverfisnefnda bæjarins.

Nefndinni hefur borist listi yfir hvað bærinn hyggst gera í sumar. Í stuttu máli sagt stendur ekki til að gera neitt í Naustahverfi eða Naustaborgum. Farið var yfir þær tillögur sem bænum barst og þær ræddar.

Nefndin gerir eftirfarandi að tillögu sinni um það hvernig mætti eyða milljónunum tveimur sem hverfisnefnd Naustahverfis fær úthlutað:

- a) **Naustaborgir, áningarstaður.** Í nánd við aðkomu inn í Naustaborgir frá Naustahverfi er gamall grunnur þar sem gamlar heyvinnuvélar eru geymdar. Grunnur þessi er við aðalstíg í Naustaborgum og var m.a. nýttur sem grillsvæði á vorhátíð Naustahverfis í maí 2012. Þarna mætti með litlum tilkostnaði hreinsa grunninn af þessum vélum og gera hann að áningarstað fyrir þá fjölmörgu sem leið eiga um Naustaborgir. M.a. mætti setja kurl í botn grunnsins, koma þarna fyrir borðum, bekkjum, rusladöllum og ekki síst kolagrillum (svipað og er við grillskýli í Kjarnaskógi). Þá hafa forsvarsmenn Naustaskóla áhuga á að sett verði þarna upp lítið svið því skólinn er oft með upptökur á þessum stað.
- b) **Leiksvæði/grendarvöllur við Ljómatún.** Nefndin leggur til að farið verði í að hanna leiksvæði við Ljómatún. Ekki yrði um hefðbundin völl með rólum og vegasöltum að ræða, heldur völl þar sem hugmyndaflugið fengi að fara á flug og landslagið nýtt. Þarna mætti hanna skemmtilega hóla og hæðir, sem myndu t.d. nýtast sem snjóbrettasvæði á vetrum og skemmtilegt hjóla-, bretta- og drullumallssvæði á sumrin. Þegar og ef þessi tillaga fær hljómgrunn mætti fara að keyra uppgröft úr grunnum í nágrenninu þarna uppeftir eftir hendinni svo hægt væri að móta síðar skemmtilegt svæði. Einnig má hugsa sér að keyra umfram snjó úr hverfinu þangað upp eftir og nýta hann til að búa til skemmtilegt útisvæði á vetrum.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 22:30.